

# Kennsluáætlun skólaárið 2018-19

## 5.bekkur myndmennt

Kennsluáætlun þessi tekur mið af hæfniviðmiðum sem fram koma í Aðalnámskrá Grunnskóla og skólanámskrá Grunnskóla Grindavíkur

VIKA	VIÐFANGSEFNI	EFNISTÖK	NÁMSEFNI	ANNAÐ
1	Kynning á vetri Litahringurinn	Kynning á verkefnum vetrarins. Farið í litahringinn ásamt því að vinna með verkefnabók.	Efni frá kennara Öll helstu efni og áhöld myndmenntar	
2	Mynstur og línur <ul style="list-style-type: none"> <li>➤ Kynnist möguleika línunnar</li> <li>➤ Mynsturgerðir</li> <li>➤ Búa til mynstur</li> <li>➤ Símynstur, miðmynstur, speglamynstur og mynsturbekkir</li> <li>➤ Noti mismunandi línur og form við mynsturgerð.</li> </ul>	Nemendur kynnist möguleika línunnar með fjölbreyttum hætti.  Nemendur lesa kaflann um mynstur í Myndmennt II bls. 20-29.  Farið í gegnum mynsturreglurnar og dæmi sýnd. <ul style="list-style-type: none"> <li>- Miðmynstur</li> <li>- Spegilmynstur</li> <li>- Símynstur</li> <li>- Mynsturbekkir</li> </ul> Fjallað um mynstur sem Íslendingar hafa notað frá örófi alda og ýmis tákni og mynstur sýnd. Nemendur velja sér mynstur til að vinna með. Nemendur mega líka nota nokkrar aðferðir í mynd sinni	Efni frá kennara  Teikniáhöld  Tússpennar	
3	Fígúrus með hvítum útlínum <ul style="list-style-type: none"> <li>➤ skilji hlutverk línunnar til að afmarka, skilja að</li> </ul>	Rætt um mismunandi línugerðir og hvaða hlutverki þær gegna í myndsköpun. Mynddæmi sýnd. Farið yfir verkferilinn, einföld mynd með einföldum bakgrunn.	Efni frá kennara  Tússlitir	

	<p>og mynda fleti.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>➤ þekki möguleika línunnar og vinni með hana á markvissan hátt</li> <li>➤ geti skapað hreyfingu og kyrrð með ólíkum útfærslum línunnar.</li> <li>➤ geti myndað samfelld mynstur.</li> </ul>	<p>Nemendur teikna einfaldar fígúrir með tvöföldum útlínum. Kennari fer yfir myndina með nemandanum áður en hann byrjar að lita hana með tússlitum. Að því loknu stroka þeir út allar blýantslínur og myndin er tilbúin.</p>	<p>Myndvarpi</p>	
4-5	<p>Grímugerð</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>➤ geti skapað hreyfingu og kyrrð með ólíkum útfærslum línunnar, t.d. láréttum og lóðréttum.</li> <li>➤ geti myndað samfelld mynstur.</li> <li>➤ nýti sér í eigin sköpun aðferðir sem fela í sér að kanna form og líti fyrirmynda.</li> </ul>	<p>Nemendum sýndar ýmsar gerðir af grímum og farið yfir myndstur þeirra.</p> <p>Farið yfir verkferilinn og kennt hvernig eigi að gífsa með gífsgrísum á andlitið. Nemendur vinna tveir og tveir saman. Ef einhver getur ekki eða vill ekki gífsa á sitt andlit fær sá nemandi að gera grímuna sína úr pappa. Hafa ber í huga að þekja andlitið vel af jógursmyrslu til að gífsið sé laust á andlitinu. Gífsaðir eru fyrst úthringur andlits og síðan innan í, kringum augu og nef, nemendur ráða hvort þeir gífsi yfir varir. Nemendur taka til aðföng sem þarf við gífsgrímugerð. Bera á andlitið jógursmyrslu og hefjast handa. Hafa ber í huga að setja vel af smyrslu yfir hár einsog</p>	<p>Gips</p> <p>Vaselín</p> <p>Plastfilma</p> <p>Málning</p> <p>Band</p> <p>Límbyssu</p> <p>Málningalímband</p>	

		<p>augabrýr og við hársvörðinn. Gifsgrisjuna þarf síðan að bleyta í volgu vatni og nuddavel áður en lagt er á andlitið.</p> <p>Þegar búið er að gífa allt andlitið minns með tvöföldu gífi, þarf að leyfa gífsinu að taka sig í u.þ.b. mínútu. Gríman er síða tekin rólega af og andlitið þrifið vel á eftir.</p> <p>Þegar öllu ferlinu er lokið eru grímurnar sýndar með gjörningi</p>		
6-8	<p>Pappírgerð</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>➤ Kynnist nýrri aðferð við sköpun</li> <li>➤ Geri sér grein fyrir verðmæti efna og áhalda</li> <li>➤ Geti gengið frá eftir sig</li> <li>➤ Geti komið hugmyndum sínum í framkvæmd</li> </ul>	<p>Fjallað um pappírgerð, efni og aðferðir. Farið yfir verkferilinn og athygli vakinn á þrívíddarhluta verksins þ.e. að nemendur geta búið til karla á krukkurnar öph. Nemendur tæta niður pappír, leggja síðan í skál með vatni og veggfóðurslími, tæta síðan með töfrasprotu. Nemendur ná sér í krukku og setja pappírinn á krukkuna en passa þarf að kreysta sem mest vatn í burtu.</p> <p>Verkefnið er síðan látið þorna þar til í næstu kennslustund og þá er möguleiki að mála ef vill.</p>	<p>Pappír</p> <p>Pappírslím</p> <p>Málning</p> <p>Pappalitur</p> <p>Krukkur</p> <p>Efni frá kennra Helstu efni og áhöld myndmenntar</p>	
9	<p>Hluturinn minn</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>➤ Þekki möguleika</li> </ul>	<p>Nemendur byrja með skissublað og blýant og fara eftir fyrirmælum.</p>	<p>Efni frá kennra</p>	

	<p>línunnar og vinni með hana á markvissan hátt.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>➤ Geti skapað hreyfingu og kyrrð með ólíkum útfærslum línunnar.</li> <li>➤ Sjónarhorn, geti unnið með mismunandi sjónarhorn og þekki hugtakið.</li> </ul>	<p>Fjallað um sjónarhorn og hvað augað nemur.</p> <p>Nemendur fá pappír og gögn sem þeir þarfnast hefjast handa við skóinn og þeir minntir á að teikna laust.</p> <p>Nemendur byrja á því að æfa sig á skissublað. Æfingin felst í því að fylgja nákvæmlega útlínunum með augunum og teikna hann án þess að líta á blaðið (blind contour drawing). Að því loknu teikna þeir hlutinn á stærra blað með því að fylgja útlínunum með augunum en mega núna kíkja af og til á blaðið.</p>	<p>Helstu efni og áhöld myndmenntar</p>	
10-12	<p>Ópið</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>➤ geti skapað hreyfingu og kyrrð með ólíkum útfærslum línunnar, t.d. láréttum og lóðréttum</li> <li>➤ átti sig á gildi hefðar og vandaðrar vinnu í handverki</li> <li>➤ þekki til listasögunnar</li> <li>➤ geti fjallað um listamann</li> <li>➤ geti lýst munnlega</li> </ul>	<p>Fjallað um listasögutímabilin og Edvard Munch tekinn fyrir. Fjallað um verk hans Ópið, spáð í litasamsetningu, form og tíðaranda. Nemendur vinna sína eigin mynd í anda Ópsins. Kynnt eru efni og áhöld.</p>	<p>Efni frá kennra Helstu efni og áhöld myndmenntar</p>	

	skoðun sinni á mynd			
13-14	<p>Veggjalist</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>➤ Kynnist sögu veggjalistar</li> <li>➤ Þekki munin á list og skemmdarverkum</li> <li>➤ Þjálfist í að færa tvívítt form í þrívítt</li> <li>➤ Kynnist ýmsum leturgerðum</li> </ul>	<p>Fjallað um veggjalist, byrjunina þróunina og hvar hún er stödd í dag. Farið yfir leturgerðir. Nemendur leita sér að leturgerð sem hentar þeim, eða búa til sjálfir. Færa stafina sína yfir á blað og vinna þá í þrívídd. Nemendur skreyta stafina sína að vild og ráða hvaða aðferð þeir nota. Nemendum bent á að hægt er að koma með hugmynd að skreytingu á hjólabretti.</p>	Efni frá kennra	Helstu efni og áhöld myndmenntar
15	<p>Lífið í heitu landi, lífið í köldu landi</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>➤ Litahringurinn</li> <li>➤ Heitir og kaldir litir</li> <li>➤ Litablöndun</li> <li>➤ Frumlitir</li> <li>➤ Litatónar</li> <li>➤ Umræður</li> </ul>	<p>Fjallað um lífnaðarhætti manna eftir búsetu, köldu landi og heitu landi. Umræður um heit og köld lönd, mismunandi menningarheima. Nemendur teikna og mála tvær myndir, önnur í heitum litum og hin í köldum litum. Nemendur látnir mála ofan í línur með svörtum lit eða bleki til að skerpa línurnar. Myndirnar eru síðan rammaðar inn.</p>	Efni frá kennra	Helstu efni og áhöld myndmenntar

Kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar.

**Námsmat:**

Námsmat í fimmta bekk samanstendur af símati kennara, sjálfsmati nemandans og hæfniviðmiðum.